

TÍAN

Nóv. 2018

Skýrsla Ytra mat á frístundstarfi Félagsmiðstöðin Tían



Ritun skýrslu :

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri
Hulda Valdís Valdimarsdóttir
Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Fylgiskjal: Helgi Grétar Helgason

Myndir á forsíðu: Af heimasíðu Ársels og fésbókarsíður Tíunnar.

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Félagsmiðstöðin Tían.....	4
Greining	5
Stjórnun	8
Frístundastarf.....	9
Mannauður	11
Staðarbragur.....	12
Innra mat	13
Fylgiskjal 1: Rekstarniðurstaða 2015-2018.....	14

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum ytra mats í félagsmiðstöðinni Tíunni sem fór fram í nóvember 2018. Matið var framkvæmt af starfsmönnum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, þremur af skrifstofu SFS (skýrsluhöfundum) og Andreu Marel Þorsteinsdóttur deildarstjóra unglingsviðs í frístundamiðstöðinni Tjörninni.

Meginstef ytra mats á frístundastarfi er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum frístundastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Frístundastarf
- III. Mannauður
- IV. Staðarbragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að öll frístundaheimili fái sambærilegt ytra mat en gert er ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist frístundamiðstöðvum við innra mat.

Ytra matið byggir á niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, vettvangsathugunum í félagsmiðstöðina og skriflegum gögnum. Vettvangsheimsóknir og rýnihópar fóru fram 19.-26. nóvember 2018.

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN TÍAN

Félagsmiðstöðin Tían er staðsett í Árseli við Árbæjartorg, Rofabæ 30, 110 Reykjavík. Félagsmiðstöðin er ein af þremur félagsmiðstöðvum í Árbæ, Grafarholti og Norðlingaholti sem starfrækt er af frístundamiðstöðinni Árseli. Markhópur Tíunnar eru börn og unglingar í 5.-10. bekk í Árbæjar-, Ártúns- og Selásskóla.

Opið er alla virka daga fyrir 5.-7. bekk og 8.-10. bekk.

Árið 2017 fékk félagsmiðstöðin Tían, Árbæjarskóli og þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts viðurkenningu fyrir samstarfsverkefnið *Móttökuáætlun nýrra íbúa* (Árbæjarmódelið) en það er tilraunaverkefni sem var sett af stað í kjölfar tillögu Ungmennaráðs Breiðholts sem samþykkt var í borgarstjórn 2016. Verkefnið fólst í því að efla samstarf kennara, nemenda, þjónustumiðstöðvar og frístundamiðstöðvar í móttöku nýrra nemenda og fjölskyldna þeirra. Verkefnið hefur vakið athygli fyrir fagleg vinnubrögð og heildræna nálgun í móttöku nýrra fjölskyldna í hverfið.

GREINING

Styrkleikar:

Mikil jákvæðni ríkir gagnvart stjórnendum meðal starfsfólks, unglunga og foreldra. Vel er haldið utan um daglega starfsemi og við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum. Starfsþróunarsamtöl eru reglulega og fræðsla fyrir starfsmenn einnig. Starfsfólk hefur svigrúm til að undirbúa daglegt starf og það þekkir ábyrgð sína og verklag um tilkynningaskyldu vegna barnaverndarmála.

Rýmingaræfingar eru gerðar reglulega með starfsmönnum, börnum og unglungum, en Tían er fyrsti starfsstaður frístundamiðstöðvarinnar Ársels til að vinna áhættumat og halda rýmingaræfingar sem lið í því að tryggja öryggi barna og unglunga í starfinu. Unnið er eftir móttökuáætlun SFS vegna barna með íslensku sem annað tungumál og stjórnendur Tíunnar funda vikulega með stjórnendum Árbæjarskóla, ásamt námsráðgjafa og frístundaráðgjafa. Samstarf við hagsmunaaðila í grenndarsamfélaginu er gott og unnið er að metnaðarfullum þróunarverkefnum, m.a. samstarfsverkefninu *Móttökuáætlun nýrra íbúa* (Árbæjarmódelið) og þróunarverkefninu *Vinabönd* þar sem markvisst er unnið að því að styrkja stöðu markhópsins meðal jafningja og auka félagslega þátttöku.

Börn og unglingar hafa val um fjölbreytt viðfangefni í starfi félagsmiðstöðvarinnar og húsnaði og aðstaða styður við þessa fjölbreytni. Boðið er upp á starf fyrir 10-12 ára aldurshópinn alla virka daga sem er meira en í öðrum félagsmiðstöðvum. Vikulega eru farnar vettvangsferðir sem auka fjölbreytni í starfinu verulega og reglulega er boðið upp á fræðslu fyrir unglindahópinn. Allir áhugasamir unglingar geta tekið þátt í vinnu miðstjórnar og starfað í ráðum og nefndum. Börn og unglingar upplifa að starfsfólk sé viljugt til að hlusta á þeirra hugmyndir og vinna að því að koma þeim í framkvæmd. Þau segja aðgengi að starfsfólki gott, samskipti uppbyggileg og að þeim líði vel í félagsmiðstöðinni. Í Tíunni er borin virðing fyrir einstaklingnum og áhersla lögð á að allir fái að njóta sín. Vel er haldið utan um einstaklingsáætlanir og stuðning við börn/unglinga sem það þurfa.

Jákvæðni, gleði og virðing einkenna staðarbraginn. Starfsfólki líður vel í vinnunni, finnst gaman og er mjög ánægt með starfsandann. Það er mjög ánægt með samskiptin við yfirmenn, finnst starf sitt metið að verðleikum og telur sig geta haft áhrif á starfið. Það er stolt af starfi sínu, telur það mikilvægt og er meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir. Starfsfólk er ánægt með vinnuaðstöðuna og upplýsingaflæðið.

Foreldrar hafa mjög jákvætt viðhorf til félagsmiðstöðvarinnar, finnst starfið metnaðarfullt og viðfangsefni fjölbreytt og krefjandi. Þeir segja að börnunum þeirra líði vel í félagsmiðstöðinni og starfið hafi góð áhrif á samskipta- og félagsfærni þeirra. Foreldrar eru mjög ánægðir með samskipti við stjórnendur og starfsfólk og finnst auðvelt að leita til þeirra en foreldrar segja að forstöðumenn hafi frumkvæði að samstarfi við þá. Foreldrar segja upplýsingaflæði mjög gott til þeirra og barnanna og þeir eru þakkátir fyrir þá miklu þjónustu sem er í boði.

Tækifæri til umbóta:

Tækifæri liggja víða þó styrkleikar séu margir í starfsemi Tíunnar. Áherslur í starfsskrá frístundamiðstöðva og stefnu SFS ættu að koma skýrar fram í aðgerðaráætlun Tíunnar. Einnig ætti að vinna markvissar með gildi Tíunnar og Ársels. Leggja ætti áherslu á að forstöðumaður fái að sitja skilafundi vegna barna með sérstakar þarfir þegar það á við, að undangengnu upplýstu samþykki foreldra, auk þess að sitja nemendaverndarráðsfundi þegar það á við. Æskilegt væri einnig að stjórnendur félagsmiðstöðvarinnar hefðu tenginu við eineltisteymi skóla og koma ætti á reglulegum fundum með stjórnendum Ártúns- og Selásskóla. Merkja ætti félagsmiðstöðina að utan og bæta aðgengi að salerni fyrir fatlaða.

Verkaskipting varðandi niðurröðun og dreifingu starfsmanna á rými félagsmiðstöðvarinnar á opnunartímum ætti vera skýrari þannig að starfsmaður sé alltaf til staðar þar sem börn/unglingar eru, m.a. til að tryggja betri yfirsýn í starfinu. Þá felast einnig tækifæri í því að efla starfsmenn í að grípa tækifæri til umræðna um gildi og viðhorf í daglegu starfi, t.d. um það efni sem börn/unglingar eru að horfa á, á netinu, þegar þau eru í félagsmiðstöðinni.

Vinna mætti markvissar að því að virkja breiðari hóp barna og unglunga með í hugmyndavinnu og skipulagningu í starfinu og vinna má markvissar að því að virkja börn og unglunga í framkvæmd dagskrár og hugmyndavinnu til að auka fjölbreytni í dagskránni og minnka líkur á að dagskrá falli niður. Leita ætti leiða til að vinna í auknum mæli með útiveru/útinám og meðvitund um sjálfbærni og virðingu fyrir umhverfi og náttúru. Skrá ætti verklag um hvernig börn og unglingar koma að ákvörðunartöku í starfinu og virkja ætti börn og unglunga betur í stefnumótun og starfsáætlunarvinnu í félagsmiðstöðinni og gefa þeim tækifæri til að hafa mótandi áhrif á aðstöðuna.

Niðurstöður – yfirlit:

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem dökkgrænt sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, ljósgrænt sýnir gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og rautt að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

Stjórnun	Frístundastarf	Mannauður	Staðarbragur
Forstöðumaðurinn sem leiðtogi	Skipulag starfs og starfsaðstæður	Fagmennska starfsfólks	Viðmót og menning
Stjórnun starfsstaðar.	Uppeldi og menntun	Starfsánægja	Velferð og líðan barna
Verklagsreglur og áætlanir	Starfshættir og viðfangsefni		Foreldrasamstarf
Faglegt samstarf	Virk þátttaka og lýðræði		
Þróun og nýbreytni	Mannréttindi og margbreytileiki		

Litirnir í vísbendingunum sýna meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem vísbending sem fær A gefur 4 stig, B gefur 3 stig, C gefur 2 stig og D gefur 1 stig:

- Dökkgrænt (3,5-4,0).
- Ljósgrænt (2,6 - 3,4).
- Gult (1,6 - 2,5).
- Rautt (1,0-1,5).



Þessar vísbendingar fengu stjörnu/til fyrirmyndar og eru öðrum til eftirbreytni:

- Unnið er að þróunarverkefnum.
- Forstöðumaður félagsmiðstöðvar tekur þátt í móttökuvíðtali í grunnskóla vegna barna með íslensku sem annað tungumál skv. móttökuáætlun SFS.

STJÓRNUN

Það sem vel er gert:

- Mikil jákvæðni ríkir gagnvart stjórnendum meðal starfsfólks, unglunga og foreldra.
- Forstöðumenn hafa uppeldis- og menntunarsýn og kynna starfið vel fyrir starfsfólki áður en það hefur störf.
- Í rýnihópi barna, unglunga og starfsmanna kom fram að þeim finnst auðvelt að leita til stjórnenda og hafa áhrif.
- Forstöðumenn segja að lýðræðislega sé unnið að ákvarðanatöku um mótun gilda, markmiða og við gerð aðgerðaráætlunar með starfsfólki.
- Vel er haldið utan um daglega starfsemi og ábyrgð.
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum.
- Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn er til og farið er eftir henni.
- Starfsfólk hefur svigrúm til að undirbúa daglegt starf.
- Gott samstarf er við frístundamiðstöðina Ársel.
- Vel er haldið utan um upplýsingar um daglega starfsemi.
- Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál og forvarnir.
- Rýmingaræfingar eru gerðar reglulega með starfsmönnum, börnum og unglungum.
- Starfsfólk þekkir ábyrgð sína og verklag um tilkynningaskyldu vegna barnaverndarmála.
- Unnið er eftir móttökuáætlun SFS vegna barna með íslensku sem annað tungumál.
- Samstarf innan starfsmannahópsins er gott.
- Samstarf við hagsmunaaðila í grenndarsamfélaginu er gott, sbr. Árbæjarmódelið.
- Stjórnendur Tíunnar funda vikulega með stjórnendum Árbæjarskóla, námsráðgjafa og frístundaráðgjafa.
- Unnið er að metnaðarfullum þróunarverkefnum.
- Fræðsla er reglulega í boði fyrir starfsmenn.
- Starfsþróunarsamtöl eru reglulega

Tækifæri til umbóta:

- Áherslur í starfsskrá frístundamiðstöðva og stefnu SFS ættu að koma skýrar fram í aðgerðaráætlun Tíunnar.
- Uppfæra þarf rýmingaráætlun og gera sýnilega á starfsstaðnum.
- Leggja ætti áherslu á að forstöðumaður fái að sitja skilafundi vegna barna með sérstakar þarfir þegar það á við, að undangengnu upplýstu samþykki foreldra.
- Leggja ætti áherslu á að forstöðumaður sitji nemendaverndarráðsfundi þegar það á við.
- Æskilegt er að stjórnendur félagsmiðstöðvarinnar hafi tenginu við eineltisteymi skóla.
- Koma ætti á reglulegum fundum með stjórnendum Ártúns- og Selásskóla.
- Huga má að enn formlegra mati á starfinu með þátttöku barna og foreldra.

FRÍSTUNDASTARF

Það sem vel er gert:

- Mjög gott upplýsingaflæði er til foreldrar og barna/unglinga.
- Húsnæðið er rúmgott og býður upp á mikla möguleika í starfinu.
- Efniviður er fjölbreyttur og kemur til móts við ólík áhugasvið.
- Tíán er fyrsti starfsstaður Ársels til að vinna áhættumat og halda rýmingaræfingar sem lið í því að tryggja öryggi barna og unglunga í starfinu.
- Aðgengi að starfsfólki er gott og samskipti uppbyggileg.
- Börn og unglingar fá skýr skilaboð um að virðing er borin fyrir fjölbreytileikanum í gegnum vinnu með Árbæjarmódelið (móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna).
- Vinabönd er frábært verkefni þar sem markvisst er unnið að því að styrkja stöðu markhópsins meðal jafningja og auka félagslega þátttöku.
- Boðið er upp á starf fyrir 10-12 ára aldurshópin alla virka daga og verið að þróa það, sem er spennandi verkefni. Vikulegar vettvangsferðir fyrir þennan aldurshóp auka fjölbreytni í starfinu verulega.
- Börn og unglingar hafa val um fjölbreytt viðfangefni í starfi félagsmiðstöðvarinnar og húsnæði og aðstaða styður við þessa fjölbreytni.
- Starfsfólk er jákvætt gagnvart því að aðstoða og ræða við börn og unglunga í starfinu.
- Reglulega er boðið upp á fræðslu fyrir unglingshópinn.
- Allir áhugasamir unglingar geta tekið þátt í vinnu miðstórnar og starfað í ráðum og nefndum.
- Börn og unglingar upplifa að starfsfólk sé viljugt til að hlusta á þeirra hugmyndir og vinna að því að koma þeim í framkvæmd.
- Með Árbæjarmódelinu og Vinaböndum eru mynduð tengsl við unglunga sem kannski væru annars ekki virkir í félagsmiðstöðvastarfinu.
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérstakan stuðning.
- Frumkvæði er að samstarfi við foreldra.
- Opnunartími er rúmur.
- Verkefni Vinabönd og Árbæjarmódelið eru mjög vel heppnuð og virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu.

Tækifæri til umbóta:

- Verkaskipting varðand niðurröðun starfsmanna á rými félagsmiðstöðvarinnar á opnunartímum mætti vera skýrari til að tryggja betri yfirsýn í starfinu.
- Merkja þarf félagsmiðstöðina að utan.
- Bæta þarf aðgengi að salerni fyrir fatlaða.
- Tækifæri felast í því að vinna markvissar að því að efla virkni og þátttöku breiðari hóps í starfinu og grípa tækifæri til umræðna um gildi og viðhorf í daglegu starfi.
- Tækifæri eru að vinna markvisst út Heilsueflandi félagsmiðstöðvar (sjá https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/heilsuefling_felagsmidstodvar_okt2016.pdf) hvað varðar það að hvetja börn og unglunga til að tileinka sér heilbriggt mataræði.
- Leita þarf leiða til að vinna í auknum mæli með útiveru/útinám og meðvitund um sjálfbærni og virðingu fyrir umhverfi og náttúru.
- Vinna má markvissar að því að virkja börn og unglunga í framkvæmd dagskrár og hugmyndavinnu til að auka fjölbreytni í dagskránni og minnka líkur á að dagskrá falli niður.

- Leita ætti leiða til að vekja áhuga barna og unglunga á að taka þátt, til að koma í veg fyrir að dagskrárliðir falli niður með litlum fyrirvara.
- Starfsfólk mætti stundum vera duglegra við að grípa tækifæri til umræðu um það sem er í gangi hverju sinni í félagsmiðstöðinni.
- Vinna má markvissar að því að virkja fleiri og breiðari hóp barna og unglunga í hugmyndavinnu og skipulagningu í starfinu.
- Skrá ætti verklag um hvernig börn og unglingar koma að ákvörðunartöku í starfinu.
- Virkja börn og unglunga betur í stefnumótun og starfsáætlunarvinnu í félagsmiðstöðinni og gefa þeim tækifæri til að hafa mótandi áhrif á aðstöðuna.

MANNAUÐUR

Það sem vel er gert:

- Starfsfólk er ánægt með samstarfið sín á milli og er meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir.
- Reglulega er boðið upp á fræðslu fyrir starfsfólk.
- Börn og unglingar eru ánægðir með samskiptin við starfsfólk og líður vel í félagsmiðstöðinni.
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu og telur það mikilvægt.
- Starfsfólki líður vel í vinnunni, finnst gaman og er mjög ánægt með starfsandann.
- Starfsfólk er mjög ánægt með samskiptin við yfirmenn og finnst starf sitt metið að verðleikum.
- Starfsfólki fær hrós frá yfirmönnum.
- Starfsfólk telur sig geta haft áhrif á starfið.
- Starfsfólk er ánægt með vinnuaðstöðuna og upplýsingaflæðið.

Tækifæri til umbóta:

- Mikilvægt er að starfsfólk skipti með sér svæðum í félagsmiðstöðinni þannig að einhver fullorðinn sé alltaf til staðar þar sem börn/unglingar eru.
- Starfsfólk þarf að vera meðvitaðra um að grípa þau tækifæri sem gefst til að ræða við börn/unglinga, t.d. um það efni sem þau eru að horfa á, á netinu.

STAÐARBRAGUR

Það sem vel er gert:

- Jákvæðni, gleði og virðing einkenna staðarbraginn.
- Starfsfólk tekur vel á móti gestum og svarar spurningum greiðlega.
- Virðing er borin fyrir einstaklingnum og áhersla lögð á að allir fái að njóta sín.
- Börnum og unglingum sem sækja félagsmiðstöðina líður vel þar og eru ánægð með starfið.
- Börn og unglingar finna fyrir öryggi í félagsmiðstöðinni.
- Starfsfólk er meðvitað um hlutverk sitt sem fyrirmyndir.
- Börnum og unglingum finnst auðvelt að leita til starfsmanna með vandamál.
- Foreldrar hafa mjög jákvætt viðhorf til félagsmiðstöðvarinnar, finnst starfið metnaðarfullt og viðfangsefnin fjölbreytt og krefjandi.
- Foreldrar segja að börnum/unglingum þeirra líði vel í félagsmiðstöðinni, tali vel um starfsfólkið og starfið hafi góð áhrif á samskipta- og félagsfærni þeirra.
- Foreldrar eru mjög ánægðir með samskipti við stjórnendur og starfsfólk og finnst þeir mæta jákvæðu viðhorfi allra.
- Foreldrum finnst auðvelt að leita til stjórnenda, þeir hafi oft frumkvæði að samskiptum og vel sé tekið í ábendingar þeirra.
- Foreldrar eru ánægðir með þær upplýsingar sem þeir fá frá félagsmiðstöðinni.
- Foreldrar eru þakkátir fyrir þá miklu þjónustu sem er í boði fyrir 10-12 ára börn og finnst góð samfella milli frístundaheimilis og félagsmiðstöðar.

Tækifæri til umbóta:

- Vinna mætti markvissar með gildi Tíunnar og Ársels.
- Mikilvægt er að auglýst dagskrá falli ekki niður að ástæðulausu og að viðburðum sé gefinn nægur tími.
- Auka mætti kynningu á 10-12 ára starfinu fyrir nemendur í Ártúnsskóla og Selásskóla.

INNRA MAT

Engar athugasemdir eru gerðar við þennan matsþátt og hvorki dregið fram það sem vel er gert né það sem betur má fara þar sem innra mat hefur ekki ennþá verið innleitt með formlegum hætti í frístundastarf.

FYLGISKJAL 1: REKSTARNIÐURSTAÐA 2015-2018

Félagsmiðstöðin Tían**Rekstrarniðurstaða**

Rekstrarniðurstaða fyrir félagsmiðstöðina Tíuna frá 2015 til 2018

2018	4,8 mkr. halli	-4.765.259
2017	4,5 mkr. halli	-4.460.491
2016	4,1 mkr afgangur	4.112.970
2015	1,2 mkr afgangur	1.217.813

Taflan hér fyrir neðan sýnir skiptinguna niður á flokka:

Flokkur	Fjárhæð 2018	Áætlun 2018	Fjárhæð 2017	Áætlun 2017	Fjárhæð 2016	Áætlun 2016	Fjárhæð 2015	Áætlun 2015
Annar rekstrarkostnaður	3.263.902	563.742	7.057.437	538.741	2.569.398	555.575	2.809.999	2.208.796
Laun og launatengd gjöld	35.545.062	31.761.327	33.389.274	31.240.314	27.078.947	32.459.341	29.045.435	29.859.478
Tekjur	-2.041.880	-323.244	-4.518.466	-311.301	-1.069.059	-322.660	-1.328.832	-323.859
Heildarsumma	36.767.084	32.001.825	35.928.245	31.467.754	28.579.286	32.692.256	30.526.602	31.744.415

Helstu frávík

Árin 2015 til 2016 var félagsmiðstöðin með rekstrarafgang. Árin 2017 og 2018 var félagsmiðstöðin með rekstrarhalla samanlagt er rekstrarhalli á tímabilinu 2015 til 2018 3,8 mkr. reksturinn hefur því verið yfir þeim fjárheimildum sem sem þeim var úthlutað

Árið 2015

Rekstur í góðu jafnvægi, tekjur 1 mkr. yfir áætlun og launakostnaður 0,8 m.kr. undir áætlun en annar rekstrarkostnaður 0,6 m.kr. yfir áætlun.

Árið 2016

Rekstur skilar 4,1 m.kr. afgangi. Tekjur 0,7 m.kr. yfir áætlun og launakostnaður 5,4 m.kr. undir áætlun en annar rekstrarkostnaður 2 m.kr. yfir áætlun.

Árið 2017

Rekstur 4,5 m.kr. Halla. Tekjur 4,2 m.kr. yfir áætlun og launakostnaður 2,1 m.kr. yfir áætlun en annar rekstrarkostnaður 6,5 m.kr. yfir áætlun.

Árið 2018

Rekstur 1,2 m.kr. Halla. Tekjur 1,7 m.kr. yfir áætlun og launakostnaður 3,8 m.kr. yfir áætlun en annar rekstrarkostnaður 2,7 m.kr. yfir áætlun.